



**RNSA**

**1 & okt. 2017**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Húsi FBSR Flugvallarvegi 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13.10.2017  
/ MDB

**Efni: Skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 002 / 13 – Ronja SH**

Vísað er í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 002 / 13 – Ronja SH þar sem skipverji flæktist í veiðarfærum og fór útbyrðis. Í tillögu nefndarinnar í öryggisátt segir:

*Nefndin vill beina þeim tilmælum til stjórnvalda að settar verði reglur sem kveða á um að þeir sjómenn sem vinna úti á þilfari séu ávallt búinir björgunarvestum við störf sín.*

Eftirfarandi er umsögn Samgöngustofu um tillögur nefndarinnar í öryggisátt.

**Umsögn Samgöngustofu**

Um öryggisbúnað íslenskra skipa gilda reglur nr. 189/1994 með síðari breytingum. Um fiskiskip yfir 15 metrum gildir reglugerð nr. 122/2004 með síðari breytingum.

Í 3. gr. reglna nr. 189/1994 er fjallað um björgunarvesti og björgunarbúninga. Öll skip skulu búin björgunarvestum fyrir alla um borð að undanskildum skipum sem falla undir SOLAS, en á þeim er heimilt að samþykkja björgunarbúninga í stað björgunarvesta. Enn fremur skulu öll skip búin björgunarbúningum fyrir alla um borð. Það á einnig við um skipin sem skulu búin björgunarvestum. Í skipum undir 12 m. skal vera viðurkenndur vinnufatnaður fyrir alla um borð sem er einangrandi og búinn floti.

Í 8. reglu VII kafla I. viðauka við reglugerð nr. 122/2004 kemur fram að fyrir sérhvern mann um borð í skipi skuli vera björgunarvesti af samþykktri gerð sem uppfylli þar til gerðar kröfur. Björgunarvestin skuli staðsett þannig að þau séu ávallt tiltæk og staðurinn þar sem þau eru geymd skal merktur greinilega.

Samgöngustofa telur ekki æskilegt að setja reglu um að allir skuli vera búin björgunarvestum við störf sín á þilfari þar sem slíkt getur heft hreyfingu manna og gert



þeim erfitt um vik að sinna störfum sínum. Samgöngustofa telur ekki rétt að settar séu reglur sem gangi jafnlangt og rannsóknarnefndin leggur til. Gildandi reglur eru lágmarksreglur en skipstjóri, útgerð og sjálf áhöfnin meta hvort tilefni er til að gera auknar kröfur í tilteknum tilvikum eða við tiltekna aðstæður.

Samkvæmt reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum ber vinnuveitanda að gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd starfsmanna, þar með talda forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði. Þannig skal vinnuveitandi m.a. framkvæma hættumat á þeim hættum sem ekki er hægt að forðast og gæta þess að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar áminnir nefndin skipstjórnarmenn um skyldur þeirra að nýliðum sé leiðbeint við störf þau sem þeir eiga að sinna og að þeim sé sýndur björgunar- og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.

Eins og fram kemur í grein 3.8, í reglum nr. 189/1994 skulu vera viðurkenndir flotgallar í bátum undir 12 metrum. Útgerð ber að gera hættumat og nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd starfsmanna o.fl. sbr. reglugerð nr. 200/2007. Af því leiðir að útgerð ber að meta við hvaða aðstæður menn ættu að klæðast viðeigandi vinnufatnaði með floti sem á að vera um borð sbr. reglur nr. 198/1994. Ekki er ástæða til að láta reglu 3.8 taka til stærri skipa þar sem aðstæður við vinnu á þilfari eru ekki sambærilegar við skip undir 12 metrum.

Að framansögðu telur Samgöngustofa ekki rétt að settar verði reglur um að sjómenn skuli alltaf búnir björgunarvestum við störf á þilfari.

Virðingarfyllst,

Einar Örn Héðinsson  
framkvæmdastjóri farsviðs

Jón Bernóðusson  
fagstjóri rannsókna, þróunar  
og greiningar